REGLUGERÐ

um skilyrði til framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt

I. kafli

Framfærsla umsækjenda um dvalarleyfi.

1. gr.

Skilyrði framfærslu.

Sá sem sækir um dvalarleyfi á grundvelli laga um útlendinga skal á umsóknardegi og þegar ákvörðun er tekin uppfylla skilyrði um trygga framfærslu skv. 56. gr. laganna og þær kröfur sem gerðar eru í reglugerð þessari. Á það við um umsóknir um fyrsta dvalarleyfi, endurnýjanir og umsóknir um ótímabundið dvalarleyfi.

2. gr.

Trygg framfærsla.

Eftirtaldar greiðslur teljast til tryggrar framfærslu: launagreiðslur, greiðslur fyrir sjálfstæða atvinnustarfsemi, lífeyrisgreiðslur og aðrar fastar tekjur svo sem námslán og rannsókna- og námsstyrksgreiðslur sem umsækjandi um dvalarleyfi hefur til umráða. Þá er Útlendingastofnun heimilt að líta til þeirra greiðslna eða fjármuna sem taldar eru upp í 8. gr. og takmörkunum þar um.

Greiðslur í formi félagslegrar aðstoðar eða framfærslu ríkis eða sveitarfélags teljast ekki til tryggrar framfærslu.

Útlendingastofnun er heimilt að afla skattframtala og gagna frá skattyfirvöldum til staðfestingar á tryggri framfærslu umsækjanda um dvalarleyfi og að umsækjandi hafi framfært sig með löglegum hætti hér á landi. Þá er Útlendingastofnun jafnframt heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga frá félagsþjónustu sveitarfélaga vegna umsóknar hans.

3. gr.

Skylda umsækjanda til að sýna fram á trygga framfærslu.

Umsækjandi um dvalarleyfi skal sýna fram á að hann hafi trygga framfærslu í skilningi laga um útlendinga og reglugerðar þessarar. Heimilt er að horfa til framfærslu maka umsækjanda séu þeir í hjúskap og báðir aðilar munu verða búsettir hér á landi, sbr. 5. gr. Sé umsækjandi um dvalarleyfi foreldri og eftir atvikum forsjáraðili barns er honum skylt að framfæra barn sitt og skal taka tillit til þess kostnaðar sem af þeirri framfærslu hlýst við mat á framfærslugetu umsækjandans, sbr. 5. gr.

4. gr.

Lágmarksfjárhæð framfærslu.

Lágmarksfjárhæð framfærslu fyrir fullorðinn einstakling miðast við meðaltal eftirfarandi fjárhæða:

a. Frítekjumark húsnæðisbóta skv. 17. gr. laga um húsnæðisbætur og 14. gr. reglugerðar um húsnæðisbætur.
b. Fullur örorkulífeyrir með heimilisuppbót skv. 24. og 62. gr. laga um almannatryggingar og 8. gr. laga um félagslega aðstoð sbr. gildandi reglugerð um fjárhæðir greiðslna almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar hverju sinni.
c. Tekjumark skerðingar barnabóta einstæðs foreldris skv. A-lið 68. gr. laga um tekjuskatt og 4. gr. reglugerðar um greiðslu barnabóta.

DRÖG

Útlendingastofnun skal birta ár hvert upplýsingar um lágmarksfjárhæð framfærslu umsækjanda um dvalarleyfi fyrir komandi ár, skv. 1. mgr., bæði vegna mánaðarlegrar framfærslu og á ársgrundvelli. Enn fremur skal birta viðmið fyrir þá leyfaflokka sem tilgreindir eru í reglugerð þessari.

5. gr.

Framfærsluskylda maka, framfærsla barna og uppkominna barna.

Við mat á tryggri framfærslu umsækjanda um dvalarleyfi skv. 3. gr. er heimilt að meta sameiginlega framfærslu maka enda sé sýni þau fram á að sameiginleg framfærsla þeirra nái lágmarksfjárhæð skv. 4. gr. og að skilyrði reglugerðar þessarar séu uppfyllt að öðru leyti. Sameiginleg framfærsla maka skal miðast við reiknistuðulinn 1.6 af krónutölu lágmarksfjárhæðar framfærslu hverju sinni, sbr. 4. gr.

Ekki er framfærsluskylda á milli sambúðarmaka og skal umsækjandi því sýna fram á sjálfstæða framfærslu sé hann í sambúð. Á það bæði við um útgáfu fyrsta leyfis og endurnýjanir á sama grundvelli.

Fyrir hvert barn undir 18 ára aldri, sem er á framfæri umsækjanda um dvalarleyfi eða búsett er á heimili hans, skal framfærsla ávallt miðast við reiknistuðulinn 0.3 af krónutölu lágmarksfjárhæðar framfærslu 4. gr. hverju sinni.

Við útreikning á lágmarksfjárhæð framfærslu umsækjanda um dvalarleyfi skal gera ráð fyrir framfærslu allra barna sem verða á framfæri umsækjandans eða eru búsett hjá honum, ekki aðeins þeirra barna sem getið er í umsókn um dvalarleyfi.

Reiknistuðull fyrir einstakling, 18-25 ára, sem býr í foreldrahúsum er 0.5 af krónutölu lágmarksfjárhæðar framfærslu 4. gr. Skilyrði þessarar undanþágu er að umsækjandi um dvalarleyfi hafi haft samfellt dvalarleyfi hér á landi frá því hann var barn, sé hvorki í hjúskap né sambúð né hafi barn á framfæri sínu.

Þegar barn sækir um dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar við foreldri eða forsjáraðila, sem búsettur er hér á landi, skal foreldri eða forsjáraðili ábyrgjast framfærslu barnsins og fer þá um kröfur til framfærslu þess með sama hætti og getið er í 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

Við mat á framfærslu barns er heimilt að líta til umönnunargreiðslna frá Tryggingastofnun vegna langveiks eða fatlaðs barns sem greiddar eru vegna umönnunar þess samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Leggja skal fram staðfestingu Tryggingastofnunar um að barnið njóti umönnunargreiðslna samkvæmt framangreindu.

6. gr.

Undanþágur einstakra dvalarleyfisflokka.

Við útreikning á lágmarksfjárhæð framfærslu umsækjanda um dvalarleyfi fyrir íþróttafólk skv. 63. gr. laga um útlendinga skal miða við reiknistuðulinn 0.75 af krónutölu lágmarksfjárhæðar framfærslu 4. gr. hverju sinni. Ekki er heimilt að reikna hlunnindi eða fríðindi til launa til að mæta lágmarksfjárhæð framfærslu.

Við útreikning á lágmarksfjárhæð framfærslu umsækjanda um dvalarleyfi vegna náms skv. 65. gr. laga um útlendinga skal miða við reiknistuðulinn 0.75 af krónutölu lágmarksfjárhæðar framfærslu 4. gr. hverju sinni.

Við útreikning á lágmarksfjárhæð framfærslu doktorsnema við innlendan háskóla skal miða við reiknistuðulinn 0.75 af krónutölu lágmarksfjárhæðar framfærslu 4. gr. hverju sinni, hvort sem um er að ræða umsókn um dvalarleyfi á grundvelli 61. gr. eða 65. gr. laganna.

Heimilt er að víkja frá skilyrðum um framfærslu fyrir erlenda skiptinema samkvæmt 3. mgr. 65. gr. laga um útlendinga enda uppfylli umsækjandi skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfis að öðru leyti.

Við útreikning á lágmarksfjárhæð framfærslu umsækjanda um dvalarleyfi fyrir sjálfboðaliða og trúboða skv. 67. gr. laga um útlendinga gildir eftirfarandi:

a. Þegar um er að ræða útlending sem kemur til dvalar í trúarlegum tilgangi fyrir skráð trúfélag eða þjóðkirkjuna skal miða lágmarksfjárhæð framfærslu útlendings við reiknistuðulinn 0.5 af krónutölu lágmarksfjárhæðar framfærslu 4. gr. hverju sinni ef trúfélag leggur umsækjanda til húsnæði án endurgjalds og önnur hlunnindi. Trúfélagi er heimilt að

ábyrgjast framfærslu einstaklings, sé það gert með þeim hætti að ekki sé tilefni til að efast um tilvist fjármunanna og að unnt sé að ráðstafa þeim til framfærslu umsækjanda.

b. Þegar um er að ræða útlending sem kemur til dvalar sem sjálfboðaliði skal miða lágmarksfjárhæð framfærslu útlendings við reiknistuðulinn 0.5 af krónutölu lágmarksfjárhæðar framfærslu 4. gr. hverju sinni ef þau félagasamtök sem útlendingur mun starfa fyrir leggja umsækjanda til húsnæði án endurgjalds og önnur hlunnindi.
c. Þegar trúfélag eða félagasamtök leggja til húsnæði fyrir umsækjanda skal leggja fram staðfestingu á því húsnæði sem viðkomandi er lagt til.

Vegna umsóknar um ótímabundið dvalarleyfi, sbr. 58. gr. laga um útlendinga, þar sem útlendingur hefur haft dvalarleyfi í tengslum við dvöl á vegum skráðs trúfélags eða þjóðkirkjunnar, er heimilt að víkja frá skilyrði b-liðar 1. mgr. 58. gr. laganna um trygga framfærslu á dvalartíma hans hér á landi. Önnur skilyrði ákvæðisins eiga þó við, svo sem um að umsækjandi geti framfleytt sér hér á landi á löglegan hátt.

Vegna umsóknar um dvalarleyfi vegna samninga Íslands við erlend ríki skv. 66. gr. laga um útlendinga þarf einungis að sýna fram á trygga framfærslu til þriggja mánaða, nema samið sé um annað í samningi sem íslensk stjórnvöld hafa gert við heimaríki umsækjanda.

Vegna umsóknar um dvalarleyfi vegna vistráðningar skv. 68. gr. laga um útlendinga skal vistfjölskylda umsækjanda sýna fram á framfærslu umsækjanda sem nemur reiknistuðlinum 0.5 af krónutölu lágmarksfjárhæðar framfærslu 4. gr. hverju sinni auk mánaðarlegra vasapeninga. Vistfjölskylda skal enn fremur sýna fram á að framfærsla hennar sé trygg og skal stuðst við viðmið 4. og 5. gr. hvað það varðar.

Heimilt er að veita dvalarleyfi fyrir foreldri eldra en 67 ára, skv. 2. mgr. 72. gr. laga um útlendinga, ef uppkomið barn umsækjandans sýnir fram á að hann geti tryggt framfærslu foreldris síns og skal þá miðað við reiknistuðulinn 0.75 af krónutölu lágmarksfjárhæðar framfærslu 4. gr. hverju sinni. Skal uppkomið barn enn fremur sýna fram á að framfærsla þess og þeirrar fjölskyldu sem það hefur á framfæri sé trygg og skal stuðst við viðmið 4. og 5. gr. hvað það varðar.

Við endurnýjun dvalarleyfis á grundvelli 2. mgr. 72. gr. laga um útlendinga skal Útlendingastofnun kanna hvort viðkomandi hafi sannanlega tryggt framfærslu umsækjandans sem og að framfærsla sé áfram trygg. Komi í ljós að uppkomið barn umsækjanda hafi ekki tryggt framfærslu foreldris síns, líkt og áskilið var við veitingu dvalarleyfis og foreldri uppfyllir ekki skilyrði framfærslu skv. a-lið 1. mgr. 55. gr. laga um útlendinga og 1. mgr. 57. gr. laganna, skal synja um endurnýjun dvalarleyfis.

Þegar umsókn um dvalarleyfi varðar fatlaðan einstakling með langvarandi stuðningsþarfir er Útlendingastofnun heimilt að taka tillit til heimilisaðstæðna umsækjanda og allra réttindabundinna greiðslna sem umsækjandi á rétt á við mat á framfærslu hans. Í því skyni er heimilt að víkja frá skilyrðum 4. gr. um lágmarksfjárhæð framfærslu enda séu önnur skilyrði dvalarleyfis umsækjanda uppfyllt. Leggja skal fram staðfestingu Tryggingastofnunar á langvarandi stuðningsþörfum umsækjanda vegna slíkrar ívilnunar.

7. gr.

Undanþágur vegna tímabundinna frávika.

Útlendingastofnun er heimilt að veita umsækjanda dvalarleyfi, að öðrum skilyrðum uppfylltum, þótt framfærsla umsækjanda hafi verið ótrygg um skamman tíma ef ríkar sanngirnisástæður mæla með því. Heimilt er að taka tillit til tímabundins tekjufalls umsækjanda þegar það er til komið vegna atvinnumissis, fjarveru frá vinnumarkaði vegna barneigna, alvarlegra veikinda eða alvarlegs slyss. Í þeim tilvikum má telja greiðslur atvinnuleysisbóta, fæðingarorlofs og sjúkradagpeninga til fullnægjandi framfærslu, enda sé um tímabundið ástand að ræða. Útlendingastofnun er heimilt að óska eftir staðfestingum frá þar til bærum stjórnvöldum til að staðfesta tímabil vegna frávika frá framfærslu.

Tímabil ótryggrar framfærslu skal almennt ekki vara lengur en þrjá mánuði.

Þrátt fyrir 2. mgr. er Útlendingastofnun heimilt að telja greiðslur til umsækjanda um dvalarleyfi samkvæmt 24. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof til fullnægjandi framfærslu þrátt fyrir að lágmarksfjárhæð skv. 4. gr. sé ekki náð og telst framfærsla umsækjanda trygg meðan þær greiðslur vara.

Þrátt fyrir 2. mgr. er Útlendingastofnun heimilt að telja greiðslur atvinnuleysisbóta skv. lögum um atvinnuleysistryggingar til fullnægjandi framfærslu í allt að sex mánuði en aldrei lengur en sem nemur fjórðungi gildistíma dvalarleyfis umsækjanda.

Þrátt fyrir 2. mgr. er Útlendingastofnun heimilt að telja greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga sem fullnægjandi framfærslu í allt að sex mánuði.

8. gr.

Form framfærslu.

Umsækjandi um dvalarleyfi skal sýna fram á trygga framfærslu með því að leggja fram staðfestingu á innistæðu á bankareikningi sínum, afriti staðfestra skattframtala eða með staðfestingu á reglulegum tekjum, svo sem með ráðningarsamningi eða launaseðlum. Umsækjandi skal sýna fram á trygga framfærslu fyrir allan gildistíma dvalarleyfis. Þegar aðstandandi ber framfærsluskyldu gagnvart umsækjanda er heimilt að líta til tekna og eiginfjárstöðu aðstandandans.

Umsækjandi skal hafa stöðugt aðgengi og sannanleg yfirráð yfir þeim fjármunum sem framfærsla byggir á. Umsækjandi skal sýna fram á lögmætan uppruna fjármunanna og að hann sé sannanlega eigandi þeirra. Geti umsækjandi ekki sýnt fram á lögmæti og uppruna fjármuna og að fjármunirnir séu í eigu hans telst framfærsla ekki trygg.

Útlendingastofnun getur krafist gagna frá umsækjanda sem sýna fram á lögmæti og uppruna fjármuna, þar með talið færsluyfirlit bankareikninga. Útlendingastofnun er einnig heimilt að afla skattframtala og gagna frá skattyfirvöldum til staðfestingar á framfærslu umsækjanda.

Umsækjandi sem byggir framfærslu sína á innistæðum á bankareikningum, að hluta eða öllu leyti, skal leggja fram með umsókn sinni bankayfirlit fyrir sex mánaða tímabil fram að umsóknardegi. Eingöngu er heimilt að byggja á bankareikningum sem eru í eigu umsækjanda og hann hefur stöðug og sannanleg yfirráð yfir. Útlendingastofnun er heimilt að óska eftir uppfærðu bankayfirliti frá umsækjanda teljist þörf á því.

Útlendingastofnun er heimilt að óska eftir skýringum á uppruna fjár á framlögðu bankayfirliti til að staðfesta uppruna fjármunanna, einkum þegar um er að ræða hærri fjárhæðir svo sem frá styrktaraðilum eða ættingjum. Heimilt er í því skyni að óska eftir bankayfirliti frá greiðanda til allt að sex mánaða auk annarra nauðsynlegra gagna, svo sem um tengsl umsækjanda og greiðanda. Við endurnýjun dvalarleyfis er Útlendingastofnun heimilt að óska eftir að umsækjandi leggi fram bankayfirlit allt að tólf mánuði aftur í tímann til staðfestingar á sannanlegri framfærslu og að yfirráð fjár hafi verið í samræmi við forsendur veitingar fyrra dvalarleyfis.

Auk launatekna er heimilt að líta til greiðslna vegna húsnæðisbóta, lífeyris, fæðingarorlofs og barnabóta við mat á því hvort umsækjandi sé með trygga framfærslu. Einnig er heimilt að líta til leigutekna af fasteign í eigu umsækjanda að teknu tilliti til afborgana af húsnæðisláni og öðrum skuldbindingum. Ekki er heimilt að líta til greiðslna sem ekki er tryggt hvort eða hvenær eru lausar til útborgunar, svo sem vegna fasteigna, bifreiða, arðs, vaxta eða hlutafjáreignar.

Greiðslur í formi félagslegrar aðstoðar eða framfærslu ríkis eða sveitarfélags teljast ekki til tryggrar framfærslu. Þrátt fyrir framangreint er heimilt að líta til greiðslna frá ríki eða sveitarfélögum þegar þær eru ekki háðar mati á þörf eða því skilyrði að viðkomandi hafi engin önnur úrræði til framfærslu.

9. gr.

Afturköllun dvalarleyfis vegna ófullnægjandi framfærslu.

Verði Útlendingastofnun þess áskynja að útlendingur sem hefur gilt dvalarleyfi á Íslandi uppfyllir ekki lengur skilyrði 55. og 56. gr. laga um útlendinga um framfærslu, sbr. einnig ákvæði reglugerðar þessarar og ljóst er að ákvæði 7. gr. reglugerðarinnar eiga ekki við um hann, er Útlendingastofnun heimilt að afturkalla dvalarleyfi útlendingsins, sbr. 59. gr. laganna.

II. kafli

Framfærsla umsækjenda um íslenskan ríkisborgararétt.

10. gr.

Skilyrði framfærslu.

Sá sem sækir um íslenskan ríkisborgararétt á grundvelli laga um íslenskan ríkisborgararétt skal þegar ákvörðun er tekin uppfylla skilyrði um löglega og trygga framfærslu skv. 9. gr. laganna og reglugerð þessari.

11. gr.

Trygg framfærsla.

Svo umsækjandi teljist geta framfleytt sér hér á landi skal framfærsla hans jafnframt teljast nægilega tryggð til framtíðar. Við mat á því skal Útlendingastofnun meðal annars líta til tekjusögu umsækjanda undanfarin þrjú ár og núverandi tekna hans, svo og annarra aðstæðna sem hafa þýðingu fyrir framfærslugetu hans til framtíðar.

Eftirtaldar greiðslur til umsækjanda um íslenskan ríkisborgararétt geta talist til tryggrar framfærslu: launagreiðslur, greiðslur fyrir sjálfstæða atvinnustarfsemi, lífeyrisgreiðslur og aðrar fastar tekjur svo sem námslán og rannsókna- og námsstyrksgreiðslur sem umsækjandi um ríkisborgararétt hefur samkvæmt staðfestum skattframtölum. Taka má tillit til annarra tekna við mat á tryggri framfærslu s.s. leigutekna, fjármagnstekna og innistæðna á bankareikningum.

Útlendingastofnun er heimilt að afla skattframtala og gagna frá skattyfirvöldum og sveitarfélögum til staðfestingar á tryggri framfærslu umsækjanda um íslenskan ríkisborgararétt og að umsækjandi hafi framfært sig með löglegum hætti hér á landi.

Greiðslur í formi félagslegrar aðstoðar eða framfærslu ríkis eða sveitarfélags teljast ekki til tryggrar framfærslu, sbr. þó undanþágur vegna tímabundinna frávika í 15. gr.

12. gr.

Skylda umsækjanda til að sýna fram á trygga framfærslu.

Umsækjandi um íslenskan ríkisborgararétt skal sýna fram á að hann hafi trygga framfærslu í skilningi laga um íslenskan ríkisborgararétt og reglugerðar þessarar. Sé umsækjandi í hjúskap og báðir aðilar búsettir hér á landi er heimilt að líta til gagnkvæmrar framfærsluskyldu maka, sbr. 14. gr.

Sé umsækjandi um íslenskan ríkisborgararétt framfærsluskyldur gagnvart barni skal taka tillit til þess kostnaðar sem af þeirri framfærslu hlýst við mat á framfærslugetu umsækjandans og fjárhæð nauðsynlegrar framfærslu hækka sem því nemur, sbr. 14. gr.

Umsækjandi um íslenskan ríkisborgararétt skal jafnframt sýna fram á að hann hafi getað framfleytt sér með löglegum hætti hér á landi undanfarin þrjú ár áður en ákvörðun er tekin. Til staðfestingar á löglegri framfærslu hér á landi verður meðal annars litið til þeirra upplýsinga sem fram koma á skattframtali umsækjanda.

13. gr.

Lágmarksfjárhæð framfærslu.

Lágmarksfjárhæð framfærslu fyrir fullorðinn einstakling miðast við meðaltal af eftirfarandi fjárhæðum:

a. Frítekjumark húsnæðisbóta skv. 17. gr. laga um húsnæðisbætur og 14. gr. reglugerðar um húsnæðisbætur.
b. Fullur örorkulífeyrir með heimilisuppbót skv. 24. og 62. gr. laga um almannatryggingar og 8. gr. laga um félagslega aðstoð.
c. Tekjumark skerðingar barnabóta einstæðs foreldris skv. A-lið 68. gr. laga um tekjuskatt og 4. gr. reglugerðar um greiðslu barnabóta.

Útlendingastofnun skal birta ár hvert upplýsingar um lágmarksfjárhæð framfærslu umsækjanda um íslenskan ríkisborgararétt fyrir komandi ár, skv. 1. mgr. Birta skal bæði viðmið mánaðarlegrar

framfærslu og á ársgrundvelli. Enn fremur skal birta viðmið bæði fyrir einstakling og maka vegna mats á sameiginlegri framfærslu, sbr. 14. gr. sem og vegna barna sem umsækjandi hefur á sínu framfæri sbr. 14. gr.

14. gr.

Framfærsluskylda maka, framfærsla barna og uppkominna barna.

Heimilt er að meta sameiginlega framfærslu maka enda sýni þau fram á að sameiginleg framfærsla þeirra nái lágmarksfjárhæð skv.4. gr. Framfærsla maka skal miðast við reiknistuðulinn 1.6 af krónutölu lágmarksfjárhæðar framfærslu hverju sinni, sbr. 13. gr.

Ekki er framfærsluskylda á milli sambúðarmaka og skal umsækjandi um íslenskan ríkisborgararétt því sýna fram á sjálfstæða framfærslu sé hann í sambúð.

Fyrir hvert barn undir 18 ára aldri, sem er á framfæri umsækjanda um íslenskan ríkisborgararétt, skal framfærsla ávallt miðast við reiknistuðulinn 0.3 af krónutölu lágmarksfjárhæðar framfærslu 13. gr. hverju sinni.

Reiknistuðull fyrir umsækjanda, 18–25 ára, sem býr í foreldrahúsum er 0.5 af krónutölu lágmarksfjárhæðar framfærslu hverju sinni skv. 13. gr. Skilyrði þessarar undanþágu er að umsækjandi sé skráður í nám við innlenda menntastofnun, sé hvorki skráður í hjúskap eða sambúð né hafi barn á framfæri sínu.

Við útreikning á lágmarksfjárhæð framfærslu umsækjanda um íslenskan ríkisborgararétt skal gera ráð fyrir framfærslu allra barna á framfæri umsækjandans, ekki aðeins þeirra barna sem getið er í umsókn um ríkisborgararétt.

15. gr.

Undanþágur frá tryggri framfærslu vegna tímabundinna aðstæðna.

Heimilt er að taka tillit til tímabundins tekjufalls umsækjanda um íslenskan ríkisborgararétt þegar það er til komið vegna atvinnumissis, fjarveru frá vinnumarkaði vegna barneigna, alvarlegra veikinda eða alvarlegs slyss. Í þeim tilvikum má telja greiðslur vegna atvinnuleysisbóta, fæðingarorlofs, fæðingarstyrks og sjúkradagpeninga til fullnægjandi framfærslu, enda sé um tímabundið ástand að ræða. Útlendingastofnun er heimilt að óska eftir staðfestingum frá þar til bærum stjórnvöldum til að staðfesta tímabil vegna frávika frá framfærslu.

Tímabil ótryggrar framfærslu skv. 1. mgr. skal ekki vara lengur en þrjá mánuði.

Þrátt fyrir 2. mgr. er Útlendingastofnun heimilt að telja greiðslur til umsækjanda um íslenskan ríkisborgararétt samkvæmt 24. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof til fullnægjandi framfærslu þrátt fyrir að lágmarksfjárhæð skv. 13. gr. sé ekki náð og telst framfærsla umsækjanda trygg meðan þær greiðslur vara.

Þrátt fyrir 2. mgr. er Útlendingastofnun heimilt að telja greiðslur atvinnuleysisbóta til umsækjanda um íslenskan ríkisborgararétt skv. lögum um atvinnuleysistryggingar til fullnægjandi framfærslu í allt að sex mánuði.

Þrátt fyrir 2. mgr. er Útlendingastofnun heimilt að telja greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga til umsækjanda um íslenskan ríkisborgararétt sem fullnægjandi framfærslu í allt að sex mánuði.

16. gr.

Form framfærslu.

Umsækjandi um íslenskan ríkisborgararétt skal sýna fram á trygga framfærslu með því að leggja fram staðfest skattframtöl síðustu þriggja ára áður en ákvörðun er tekin og staðfestingu á innstæðu á bankareikningi frá viðurkenndri fjármálastofnun. Umsækjandi skal sýna fram á trygga framfærslu síðastliðin þrjú ár áður en ákvörðun er tekin. Þegar aðstandandi umsækjanda ber framfærsluskyldu gagnvart umsækjandanum, sbr. 14. gr., er heimilt að líta til tekna og eiginfjárstöðu aðstandandans, þ.e. launagreiðslna og innistæðna á bankareikningum skv. staðfestingu viðurkenndrar fjármálastofnunar og samkvæmt framlögðum staðfestum skattframtölum síðastliðin þrjú ár áður en ákvörðun er tekin.

Umsækjandi skal hafa stöðugt aðgengi og sannanleg yfirráð yfir þeim fjármunum sem framfærsla byggir á. Umsækjandi skal sýna fram á lögmætan uppruna fjármunanna og að hann sé sannanlega eigandi þeirra. Millifærsla fjármuna inn á bankareikning frá ótengdum aðila telst að jafnaði ekki til framfærslu.

Sýna þarf fram á framfærslu í gjaldmiðli sem er alþjóðlega viðurkenndur og unnt er að umbreyta í mynt sem er skráð hjá Seðlabanka Íslands.

Útlendingastofnun getur krafist gagna frá umsækjanda sem sýna fram á lögmæti og uppruna fjármuna, þar með talið færsluyfirlit bankareikninga. Geti umsækjandi ekki sýnt fram á lögmæti og uppruna fjármuna og að fjármunirnir séu í eigu hans telst framfærsla ekki trygg.

Auk launatekna er heimilt að líta til greiðslna vegna húsnæðisbóta, lífeyris, fæðingarorlofs og barnabóta við mat á því hvort umsækjandi sé með trygga framfærslu. Einnig er heimilt að líta til leigutekna af fasteign í eigu umsækjanda um íslenskan ríkisborgararétt að teknu tilliti til afborgana af húsnæðisláni og öðrum skuldbindingum. Ekki er heimilt að líta til greiðslna sem ekki er tryggt hvort eða hvenær séu lausar til útborgunar, svo sem vegna fasteigna, bifreiða, arðs, vaxta eða hlutafjáreignar.

Við mat á framfærslu barns er heimilt að líta til umönnunargreiðslna frá Tryggingastofnun vegna langveiks eða fatlaðs barns sem greiddar eru vegna umönnunar þess barns samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Leggja skal fram staðfestingu Tryggingastofnunar á að barnið njóti umönnunargreiðslna samkvæmt framangreindu.

Þegar umsækjandi byggir framfærslu sína á innstæðum á bankareikningum, í heild eða að hluta, er heimilt að leggja til grundvallar mati um trygga framfærslu, innstæður þeirra bankareikninga sem tilgreindar eru í staðfestum skattframtölum hans síðastliðin þrjú ár áður en ákvörðun er tekin, hvort sem um er að ræða innlenda eða erlenda bankareikninga. Ekki má leika vafi á því að fjármunirnir séu eign umsækjandans, honum tiltækir án fyrirvara og þeirra hafi verið aflað með lögmætum hætti. Skal umsækjandi sýna fram á að svo sé með staðfestum gögnum frá viðurkenndum fjármálastofnunum. Ekki er heimilt að byggja framfærslu á ráðstöfunarfé sem geymt er á innlendum eða erlendum bankareikningum sem ekki hafa verið gefnir upp til skatts á staðfestum skattframtölum umsækjanda.

17. gr.

Framfærslustyrkur sveitarfélags.

Framfærslustyrkur sveitarfélags telst ekki til tryggrar framfærslu. Hafi umsækjandi þegið slíkar greiðslur skal honum ekki veittur íslenskur ríkisborgararéttur fyrr en að liðnum þremur árum frá því að greiðslum lauk.

Útlendingastofnun er heimilt að líta svo á að umsækjandi um íslenskan ríkisborgararétt teljist hafa trygga framfærslu þegar um er að ræða greiðslur eða styrk sem telst til hefðbundinna millifærslna og niðurgreiðslna sveitarfélaga til tiltekinna hópa svo sem húsnæðisstuðningur. Með því er átt við að ekki sé um að ræða greiðslur sem eru háðar mati á framfærsluþörf umsækjanda eða að hann hafi engin önnur úrræði til framfærslu.

18. gr.

Staðfesting á greiðslum frá félagsþjónustu sveitarfélaga.

Útlendingastofnun er heimilt að afla upplýsinga varðandi greiðslur félagsþjónustu sveitarfélaga til umsækjanda um íslenskan ríkisborgararétt milliliðalaust frá félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélaga til að greiða fyrir málsmeðferð.

Útlendingastofnun er heimilt að útbúa eyðublað fyrir sveitarfélög til staðfestingar á uppruna og eðli greiðslna til umsækjanda um íslenskan ríkisborgararétt til að tryggja að réttar og fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir um eðli greiðslna frá félagsþjónustu sveitarfélaga við ákvörðun um íslenskan ríkisborgararétt.

III. kafli

Önnur ákvæði.

DRÖG

19. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 56. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016, með síðari breytingum, og 2. mgr. 9. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2027 og gildir um allar umsóknir, þar með talið þær sem eru óafgreiddar.

Þrátt fyrir ákvæði I. kafla reglugerðar þessarar er Útlendingastofnun heimilt að endurnýja dvalarleyfi umsækjanda á fyrri grundvelli um allt að 12 mánuði þegar umsókn hefur borist fyrir gildistöku reglugerðar þessarar en ekki hlotið afgreiðslu fyrr en eftir gildistöku hennar, enda hafi umsækjandi fullnægt þeim viðmiðum um framfærslu sem í gildi voru þegar umsóknin barst.

Dómsmálaráðuneytinu, _____ 2026

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir

Páll Winkel

DRÖG